

Skýrsla formanns Lífsins – Samtaka um líknarmeðferð

starfsárið 2013-2014

Flutt á aðalfundi samtakanna, 7. maí 2015

- Skipan stjórnar hélst óbreytt þetta starfsárið og kom saman 8. Sept 2014. Verkaskipting innan stjórnar hélst óbreytt frá fyrra ári og var sem hér segir.
 - **Lóa Björk Ólafsdóttir**, formaður
 - **Kristín Högnadóttir**, varaformaður
 - **Arndís Jónsdóttir**, ritari
 - **Guðríður K. Þórðardóttir**, gjaldkeri
 - **Ingibjörg Hreiðarsdóttir**, meðstjórnandi
 - **Sigrún Þóroddsdóttir**, varamaður
 - **Guðrún Jónsdóttir**, varamaður, umsjón með vefsíður og fréttabréfi.

Fundir stjórnar voru alls 9 á starfsárinu og voru að jafnaði haldnir fyrsta mánudag hvers mánaðar í húsnæði Líknardeildar Kóparvogs.

- Þann 11. okt var alþjóðlegur dagur líknarmeðferðar en árlega er haldið upp á daginn til að styðja við og fagna útbreiðslu líknarmeðferðar og hugmyndafræði hennar á heimsvísu.

Þetta árið var hann tileinkaður öllum þeim fjölmörgu fagstéttum og einstaklingum sem starfa á sviði líknarmeðferðar.

Fyrsta verkefni stjórnar á haustdögum var tilraun til að útbúa veggspjald í tilefni alþjóðardagsins og var hugmyndin að setja fram punkta til að uppfræða almenning um hvað líknarmeðferð felur í sér. Verkið reyndist þó mun flóknara og viðkvæmara þegar á hólminn var komið og þrátt fyrir miklar þælingar og vinnu náðist ekki að fullvinna verkið á tilsettum tíma. Spennandi væri þó að halda hugmyndinni áfram á lofti og klára útfærsluna á slíku veggspjaldi síðar.

- „Listin að deyja“ var yfirskrift ráðstefnu sem haldin var þann 16. apríl síðastliðinn. Ráðstefnan var samstarfsverkefni Lífsins, Krabbameinsfélags Íslands, Hollvinasamtaka líknarþjónustu, Hjúkrunarfélagsins, Læknafélagsins, Þjóðkirkjunnar, Nýrrar Dögunar og Háskóla Íslands. Frá hausti til vors voru haldnir voru reglulegir fundir með fulltrúum frá öllum þessum félögum og samtökum og reyndist sú samvinna afar lærdómsrík og ánægjuleg. Aðsókn á ráðstefnuna fór fram úr allra björtustu vonum en talið er að um 500 manns hafi sótt hana. Má því ætla að þörfin fyrir umræðuna um dauðann, í því samfélagi sem við lifum, sé mikil og eru samtökin stolt af því að hafa átt hlutdeild í þessum vel heppnaða degi.

Það er ánægjulegt að segja frá því að til stendur að halda samstarfinu áfram í framhaldi af ráðstefnunni, strax næsta haust, í því skyni að vekja áfram athygli á því mikilvæga málefni sem opin umræða um dauðann er.

- Eftir nokkuð löng samskipti formanns við Ullu Söderström, Höfund bæklingins „ Að leiðarlokum , var skrifað undir formlegan samning vegna útgáfu bæklingins á íslensku. Höfundur óskaði eftir að nokkrum setningum yrði bætt við í upphafi og enda hans og tók Þórunn Marselía Lárusdóttir, þýðandi og hjúkrunarfræðingur, að sér að snara þeim setningum yfir á íslenska tungu, endurgjaldslaust. Við þökkum Þórunni innilega fyrir hennar framlag. Bæklingurinn var svo prentaður út í 2000 eintökum nú á haustdögum í 3. skiptið frá árinu 2008.
- Árlega hafa samtökin staðið fyrir námskeiði á vodögum sem ætluð eru fagstéttum. Í ár var hinsvegar ákveðið að bregða út af vananum og prófa nýjar leiðir. Eftir nokkra hugmyndavinnu var ráðist í að búa til bréf sem Guðríður Kristín Þórðardóttir, gjaldkeri, á hvað mestan heiður af. Bréfið er skrifað til svæðis og fagdeilda innan Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga þar sem samtökin bjóðast til að halda erindi á fræðslufundum eða aðalfundum með áherslum sem varða líknarmeðferð. Bréfin ættu nú að hafa skilað sér til allra aðila þótt enn hafi ekki komið fram viðbrögð.

Stjórnin fór einnig yfir þau námskeið sem hingað til hafa verið haldin af samtökunum og urðu í framhaldi umræður um að ef til vill væri kominn tími til að endurtaka eitthvað af þeim námskeiðum sem snerta grunnildi líknarmeðferðar.

- Styrkveitingar þetta árið voru 3
þeir sem sóttu um og fengu úthlutað styrkjum voru

Valgerður Sigurðardóttir og Svandís Íris Hálfánardóttir.

Valgerður Hjartardóttir fékk einnig sérstakan styrk vegna útgáfu bókar sinnar „ Krabbameinið hennar mömmu „ en bókin er m.a. afrakstur meistaraaritgerðar hennar í fjölskyldumeðferð.

- Fjöldi félagsmanna innan samtakanna telur nú um 200 manns og eru félagsgjöldin sem fyrr, helsta tekjulind þeirra.
- Samtökin gáfu út og sendu til félaga sinna tvö fréttabréf á starfsárinu. Annað kom út á aðventu en hitt nú á vordögum og þökkum við öllum þeim sem veittu okkur innlegg og efni í bréfin.
Guðrún Jónsdóttir, stjórnarmeðlimur í samtökunum hafði veg og vanda af útgáfu þeirra og þökkum við henni fyrir þá vinnu.

Guðrún hefur einnig haft umsjón með vefsíðu samtakanna og er sérlega ötul við að uppfæra hana og deila fréttum af ráðstefnun og öðru spennandi á döfinni hverju sinni. Kærar þakkir fyrir það Guðrún.

- Áhangendum fésbókarsíðu samtakanna fjölgar óðum og eru nú 394 talsins. Fésbókin er góður miðill fyrir samtökin til að deila fróðleik, hugleiðingum og fréttum af starfi samtakanna og mætti eflaust nýta þennan miðil enn betur en gert er í dag.
- Í dag gengur úr stjórn Arndís Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur og meðlimur í stjórn samtakanna til 6 ára. Arndís býr yfir mikilli þekkingu og reynslu á sviði líknarmeðferðar og vonandi getum við leitað áfram í hennar viskubrunn. Einnig gengur úr stjórn Ingibjörg Hreiðarsdóttir sem hefur verið með okkur síðustu tvö árin.

Ég vil þakka þeim báðum fyrir allt þeirra framlag til samtakanna og óska þeim gæfu og gengis í framtíðinni.

Ég vil líka þakka stjórnarmeðlimum samtakanna af heilum hug fyrir gott, skemmtilegt og ánægjulegt samstarf á því starfsári sem er að líða og hlakka til spennandi verkefna á því næsta.

Lóa Björk Ólafsdóttir

Formaður í stjórn Lífsins – Samtaka um líknarmeðferð.